



Rafeindatækjatrýgging

Vátryggingarskilmálar nr. EV30

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EV30.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Eigendaskipti
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Eigin áhætta
14. Ákvörðun bóta
15. Undirtrygging
16. Tvítrygging
17. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til uppsettra rafeindatækja sem hafa verið fullreynd í gangi og tilgreind eru í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi hinna vátryggðu muna er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu vátryggða eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir skyndileg og óvænt tjón á hinu vátryggða vegna:

- 4.1 Sóts, ofhitnunar, sviðnunar og bráðnunar án þess að eldur verði laus.
 - 4.2 Skammhlaups og bilana í veitukerfi rafveitu.
 - 4.3 Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
 - 4.4 Skemmdarverka.
 - 4.5 Ógætilegrar meðferðar starfsmanna eða viðskipta-vina.
 - 4.6 Flutnings innanhúss og milli staða innan sama fyrirtækis, þó ekki ef flutningsaðili ber ábyrgð á tjóninu eftir lögum eða samningi.
 - 4.7 Vatns eða vökva sem hellist niður eða lekur á hið vátryggða.
- Vátryggingin bætir ekki:
- 4.8 Tjón af völdum eldsvoða.
 - 4.9 Tjón sem ábyrgð seljanda eða framleiðanda nær til.
 - 4.10 Tjón vegna rýrnunar, tæringar, slits, ryðs eða annarra umhverfisáhrifa á lengri tíma.
 - 4.11 Tjón vegna galla eða rangrar samsetningar.
 - 4.12 Tjón sem verða vegna innri bilana.
 - 4.13 Tjón á hugbúnaði.
 - 4.14 Óbeint eða afleitt tjón.
 - 4.15 Tjón eða tap sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningum" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki



eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

Undanþága þessi nær ekki til tjóns sem stafar af sprengingu, hrap, innbroti, þjófnaði eða vatnsskaða.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, upppots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 6.2 Vátryggður skal sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum, allt eftir því sem við á á hverjum stað.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

- 8.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanns vátryggðs munar.

9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

- 10.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 10.2 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 10.1.

11. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum vátryggða hlut fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 12.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

13. Eigin áhætta

- 13.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



13.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

14. Ákvörðun bóta

- 14.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 14.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við rafeindatækið sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 14.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegt rafeindatæki og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Ef rafeindatækið er tveggja ára eða yngra þegar vátryggingaratburður verður eru bætur miðaðar við verð á nýju sambærilegu tæki og varð fyrir tjóninu, þó aldrei hærrí fjárhæð en vátryggingarfjárhæð. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 14.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti rafeindatækisins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.
- 14.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

15. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð þá bætist tjón hlutfallslega.

16. Tvítrygging

- 16.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 16.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 16.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

17. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.